

# Fruit Frenzy / Ávaxtaæðið

Fjöldi leikmanna: 2-4 · Aldur: 4 og eldri · Lengd: U.þ.b. 15 mín.

## Innihald:

1 snúningsskífa, 42 ávaxtaspil, 2 jókerar með mynd af öllum ávöxtunum

## Markmið:

Að safna fimm spilum með mynd af sama ávextinum eða fimm spilum með sama ávexti að jókerum meðtöldum.

## Gangur spilsins

- Leggjið öll spilin á hvolf á borðið og dreifið úr þeim.
- Hver leikmaður dregur fimm spil til að hafa á hendi.
- Yngsti leikmaðurinn byrjar að snúa skífunni.
- Ef snúningsskífan stoppar á mynd af hönd að draga blátt spil á leikmaðurinn að draga eitt af spilunum sem liggja á hvolfi á borðinu.
- Hann má skila þessu spili aftur í hrúguna á borðinu eða taka það upp á hendi. Ef hann kys að halda spilinu verður hann að leggja niður annað spil af hendi í staðinn. Öll spil sem lögð eru niður á borðið eiga að snúa upp.
- Ef snúningsskífan stoppar á mynd af hönd að draga ávaxtaspil á leikmaðurinn að taka upp eitt af spilunum sem snúa upp á borðinu. Athugið að ef snúningsskífan stoppar á þessari mynd þegar fyrsti leikmaður á leik og engin spil snúa enn upp á borðinu má hann draga spil á hvolfi í staðinn. Hann verður því næst að leggja niður eitt spil af hendi og láta það snúa upp á borðinu þannig að hann sé aðeins með fimm spil á hendi.
- „Ávaxtaæði“ grípur um sig þegar snúningsskífan stoppar á mynd af fjórum höndum að teygja sig eftir mörgum spilum. Leikmaðurinn dregur þá eitt spil á hvolfi af borðinu og leggur það til hliðar án þess að skoða hvaða ávöxtur það er. Hver leikmaður velur síðan eitt spil sem hann vill losna við af hendi og þegar talið er upp að þremur henda allir spilinu sínu hjá þessu eina spili og flýta sér að taka í staðinn eitt af hinum spilunum. Þetta er ávaxtaæðið! Spilið, sem verður eftir, er sett aftur í hrúguna á hvolfi.
- Jóker (*spil með mynd af öllum ávöxtunum sjö*) má nota í stað hvaða ávaxtaspils sem er.

## Sigurvegarinn:

Sá sigrar sem tekst að safna annað hvort fimm spilum með sama ávextinum, fjórum spilum með sama ávextinum og einum jóker eða þremur spilum með sama ávextinum og tveimur jókerum.

## Fyrir yngri börn

Safnið þremur eða fjórum spilum með sama ávextinum.

